



Félagsráðsfundur UMF Stjörnunnar

Félagsráðsundur haldinn í Stjörnuheimilinu þriðjudaginn 10.06.2014 kl. 17:15

Mættir: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Sigurður Bjarnason (SB), Viðar Erlingsson (VE), Hilmar Júlíusson, Almar Guðmundsson, Hanna Lóa Friðjónsdóttir, Brynja M. Ólafsdóttir, Gunnar Erlingsson, Einnig sat fundinn Jóhannes Egilsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerðina.

Fundargerð

1. Breytt ráðningarsamband við yfirþjálfara

- Breytt ráðningarsamband við yfirþjálfara var kynnt fyrir félagsráði og þeirri vinnu sem átt hefur sér stað.
 - Breytingin á ráðningarsambandinu felst í því að Yfirþjálfarar munu heyra undir framkvæmdastjóra í stað þess að heyra eingöngu undir Barna og unglingaráð deildana.
 - Hugmyndin með breytingunni er að er koma upp:
 - Eðlilegu sambandi milli starfsmanns og yfirmanna
 - Eftirliti, starfsmannasamtölum, reglulegum fundum, deilingu verkefna, brjóta múra og samvinnu milli deilda
 - Kalla eftir að fylgst sé með iðkendalistum
 - a. Sem getur svo hjálpað til við innheimtu æfingagjalda
 - Veita sjálfboðaliðum liðsstyrk
 - Hvað breytist
 - Hlutverk haldast óbreytt að öllu leyti nema ráðningarsambandið flyst til
 - Framkvæmdastjóri fer með ráðningarsambandið við yfirþjálfara en nýtur stuðnings og samvinnu BOGU
 - BOGU kemur að ráðningarferlinu með framkvæmdastjóra
 - Færa óþægilegu málin frá sjálfboðaliðum inn á borð skrifstofu
- Lagt var til að framkvæmdastjóri taki verkefnið áfram og innleiði breytt ráðningarsamband í samstarfi við BOGU.

2. Önnur mál

- Almennar umræður áttu sér stað um samstarfsaðila og styrktarsamningar hjá félaginu. Svo virðist vera áhugi fyrir því að kanna hvort grundvöllur sé fyrir því að ná inn aðalstyrktaraðilum fyrir félagið en á sama tíma velja menn fyrir sér hvort það muni í raun skila meiru inn til félagsins.
- Samræming í launamálum yngri þjálfara
 - Því var velt upp hvort skrifstofa Stjörnunnar gæti komið að því að samræma launamál hjá t.d. 16-18 ára þjálfurum hjá deildum félagsins. Þannig að þjálfari hjá handboltanum, knattspyrnu eða fimleikum væru með sambærilegt tímakaup.
- UMFÁ
 - Formaður gerði grein fyrir fundi sínum ásamt framkvæmdastjóra með forsvarsmönnum Ungmennafélags Álftaness.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:30. Ritað J.Egils